



FUNDARGERÐ
44. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 3. desember 2025
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Ísleifur Jónasson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Þá sátu fundinn Jón G. Valgeirsson og Valtýr Valtýsson sveitarstjórar.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2025 - 2503077

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstur byggðasamlagsins janúar-október 2025.

2. Skólastjórar Odda bs. Stöðuyfirlit 2025. - 2501053

Á fundinn mæta Kristín Ósk Ómarsdóttir leikskólastjóri á Laugalandi og Ingigerður Stefánsdóttir leikskólastjóri Heklukots og fara yfir stöðu mála í sínum skólum.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

3. Skóladagatöl 2025-2026 - 2503079

Skóladagatal Heklukots 2025-2026.

Lagt er fram leikskóladagatal Heklukots skólaárið 2025-2026 með þeim breytingum að gert er ráð fyrir að 22. og 23. desember séu skráningardagar. Er það í samræmi við samþykktu gjaldskrá Odda bs. og skóladagatal leikskólans á Laugalandi þar sem gert er ráð fyrir að það séu skráningardagar þegar grunnskólar eru í jólafríi.

Lagt til að breytingin sé samþykkt. Þar sem láðist að setja þessa breytingu inn í skóladagatal Heklukots er lagt til að foreldrar greiði ekki sérstakt gjald fyrir skráningardagana þann 22. og 23. desember heldur venjulegt vistunargjald. Ákvörðunin gildir bæði fyrir leikskólann Heklukot og Leikskólann Laugaland.

Samþykkt samhljóða.

4. Íslenskukennsla fyrir starfsfólk RY - 2509061

Lögð er fram áskorun fjölmeningarráðs Rangárþings ytra til sveitarfélagsins að hjálpa starfsfólki sem starfa með börnum að læra íslensku og þá sérstaklega starfsfólki leikskóla.

Stjórn Odda tekur undir með fjölmeningarráði um mikilvægi íslenskukennslu fyrir starfsfólk og felur skólastjórum að finna leiðir til að auka vægi hennar.

5. Grunnskólinn Hellu. Stöðumat - 2511225

Lagt er fram stöðumat á Grunnskólanum á Hellu ásamt umbótatillögum. Á fundinn mætir Þorsteinn Hjartarsson ráðgjafi og fer yfir stöðumat sitt.

Stjórn Odda bs. þakkar Þorsteini fyrir góða skýrslu og tillögur. Stjórn Odda felur Þorsteini í samstarfi við skólastjórendur Odda bs og félags- og skólaþjónustunnar að leiða vinnu við mótun verklagsreglna fyrir Odda bs. sbr. reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

6. Afleysing skólastjóra - 2511178

Formaður stjórnar fór yfir stöðu mála í Grunnskólanum á Hellu en fyrir liggur að skólastjóri er kominn í veikindaleyfi.

Stjórn Odda bs. samþykkir að Kristinn Ingi Guðnason, aðstoðarskólastjóri, verði staðgengill skólastjóra í veikindaforföllum.

Jafnframt er samþykkt að ráða Þorstein Sæberg tímabundið til aðstoðar stjórnendateymis Grunnskólans á Hellu.

7. Beiðni um skólabílaakstur - 2511242

Lögð fram beiðni Evu Mjallar Heimdal um skólaakstur frá Hala aðra hvora viku.

Stjórn Odda bs. samþykkir beiðnina í samræmi við reglur um skólaakstur.


Samþykkt samhljóða.


Lagt til að næsti stjórnarfundur Odda bs. verði fimmtudaginn 15. janúar n.k. kl. 8:15.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:35.


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Eggert Valur Guðmundsson


Ingvar Pétur Guðbjörnsson


Ísleifur Jónasson



